

Um tillöguna.

Í gildi er lögreglusamþykkt fyrir Grundarfjarðarbæ, nr. 636-2008, Borgarbyggð, nr. 390/2010 og Dalabyggð, nr. 375/2016. Jafnframt er í gildi reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007 sem gildir núna fyrir Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Helgafellssveit og Stykkishólmbæ.

Í tillögunni hefur verið höfð hliðsjón af öllum þessum gildandi reglugerðum og jafnframt hefur verið horft til ákvæða lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi (hér stýtt í reglugerð fyrir sveitarfélög á Suðurlandi), nr. 955/2017.

Í umfjöllun um ákvæði er vísað til gildandi lögreglusamþykta án þess að tilgreina númer þeirra. Tillaga þessi er gerð hjá Lögreglustjóranum á Vesturlandi.

1. KAFLI

Gildissvið.

Um kaflaheiti.

Kaflaheiti eru þau sömu og í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

Númer kafla eru skrifuð með venjulegum tölustöfum í stað þess að nota rómverska tölustafi.

1. gr.

Lögreglusamþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélögin: Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit og Stykkishólmbæ.

Um 1. gr.

Ákvæðið tilgreinir þau sveitarfélög sem samþykktin gildir fyrir. Sambærilegt ákvæði er í reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007 og í lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög á Suðurlandi nr. 955/2017.

2. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi, torg, gangstéttir, gangstíga, svæði ætluð til almenningsnota og staði sem opnir eru almenningi, svo sem íþróttasvæði, útivistarsvæði, kvikmyndahús, leikhús, samkomuhús, félagsheimili, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli og söluturna innan hvers sveitarfélags.

Með leiktækjastað er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spilakössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn gjaldi.

Svæði í alfaraleið í byggð teljast einnig til almannafæris.

Í samþykkt þessari merkir orðið „byggð“ þau svæði sem ekki falla undir hugtakið óbyggðir en „óbyggðir“ eru landsvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi.

Um 2. gr.

1. mgr. er að flestu leyti efnislega samhljóða **1. gr.** núgildandi lögreglusamþykkt fyrir Grundarfjarðarbæ, Borgarbyggð og Dalabyggð. Þó er útivistarsvæði haft með, eins og er gert í lögreglusamþykkt fyrir Borgarbyggð og Dalabyggð. Þá er félagsheimili bætt inn til að taka af vafa um að reglurnar gildi einnig þar eins og um önnur samkomuhús.

Sleppt er að fjalla um hvað er þéttbýli. Um það gilda skilgreiningar skipulagslaga og skipulagsreglugerðar og skipulagsskilmálar hvers sveitarfélags fyrir sig.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum óþægindum.

Enginn má áreita aðra á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun.

Um 3. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða **3. gr.** reglugerðar um lögreglusamþykktir.

Felld eru út ákvæði sem núna eru í lögreglusamþykkt fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð um bann við að príla á húspökum, klifra í ljósastaurum eða fánastöngum að óþörfu. Þau eru talin óþörf.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Sveitarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknum tíma á tilteknum svæðum innan hvers sveitarfélags. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

Um 4. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 4. gr. reglugerðar um lögreglusamþykktir.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, banka, veitingastaði, verslanir eða aðra afgreiðslustaði, skal fólk að fjarnaði taka tillit til þess að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu.

Um 5. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 5. gr. reglugerðar um lögreglusamþykktir.

6. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri skal segja til nafns síns, kennitölu og heimilis, þegar lög-reglan krefst þess.

Skylt er að hlýða fyrirmælum lögreglu s.s. vegna umferðarstjórnunar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Lögreglustjóri getur bannað almenna umferð fólks og fyrirskipað almenningi að halda sig innandyrna vegna almannahættuástands sem hann telur að hafi skapast eða geti skapast.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.

Um 6. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð.

7. gr.

Skylt er að hlíta bannmerkingum og leiðbeinandi merkingum um umgengni og umferð á svæðum í alfaraleið.

Um 7. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélög á Suðurlandi og hefur tilvísun til ákvæða 12. gr.

8. gr.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum vímuástands eða af öðrum ástæðum.

Um 8. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 6. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð og 3. og 4. mgr. 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð

9. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum svo sem spilliefnum eða efnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í holræsakerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss, verkataka eða öðrum sem ábyrgð ber á verkframkvæmdum hvers konar, er skylt að gæta fyllsta öryggis og hafa í huga þá sem eru þar vegna vinnu sinnar og þá sem þar kunna að koma vegna annarra erinda. Framfylgja skal rökstuddum tilmælum byggingarfulltrúa hverju sinni.

Um 9. gr.

1.-3. mgr. eru efnislega samhljóða 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð og 5. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð.

4. mgr. er efnislega samhljóða lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög á Suðurlandi.

10. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við um þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi sveitarstjórnar. Sama gildir um ökutæki hvers konar sem standa yfirgefin og hafa þann tilgang að auglýsa á eða við almannafæri. Fylgja skal ákvæðum 32. gr. í vegalögum nr. 80/2007. Sveitarstjórn skal tilkynna lögreglustjóra um slík leyfi. Heimilt er að fjarlægja án fyrirvara hvers kyns lausafjarmuni á kostnað eiganda, sem settir eru upp í auglýsingaskyni án heimildar.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Um 10. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð og 6. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð

11. gr.

Sveitarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, leikvelli, lystigarða, tjarnir, kirkju-garða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Hvorki má troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri né slíta þar upp blóm eða annan gróður.

Um 11. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 9. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð og 4. mgr. 6. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð

12. gr.

Á almannafæri í þéttbýli má eigi gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum, tjaldvögnum eða öðrum sambærilegum búnað, utan sérmerktra svæða.

Við alfaraleið í byggð er óheimilt að gista í húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum, tjaldvögnum eða öðrum sambærilegum búnaði, utan skipulagðra tjaldsvæða. Við alfaraleið í byggð er heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á afgirtu óræktuðu landi sé tjaldsvæði ekki í næsta nágrenni og landeigandi eða rétthafi lands hefur ekki takmarkað eða bannað með merkingum umferð manna og dvöl.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er bann við allri næturgistingu á almannafæri innan þéttbýlis – utan sérmerktra svæða (tjaldstæða). Sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 9. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjarðarbæ og í 5. mgr. 6. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð.

Í 2. mgr. er nýmæli. Bann við annars konar gistingu en í töldum við alfaraleið í byggð. Um ákvæði 2. mgr. er höfð hliðsjón af ákvæðum 22. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013, og athugasemdum sem Umhverfisstofnun hefur gert vegna orðalags 12. gr. lögreglusamþykktar sveitarfélög á Suðurlandi.

22. gr. náttúruverndarlaga er þannig:

„**22. gr. Heimild til að tjalda.**

[Við alfaraleið í byggð er heimilt, sbr. þó 2. másl. 1. mgr. 18. gr., að tjalda hefðbundnum viðlegu-tjöldum til einnar nætur á óræktuðu landi, sé tjaldsvæði ekki í næsta nágrenni, en leita skal leyfis landeiganda eða annars réttshafa áður en tjaldað er nærri bústöðum manna eða bæ og ætíð ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur.] ¹⁾

Við alfaraleið í óbyggðum, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að setja niður hefðbundin viðlegutjöld.

[Utan þéttbýlis skal leita leyfis landeiganda eða annars réttshafa ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða.

Utan alfaraleiðar, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum nema annað sé tekið fram í sérreglum sem kunna að gilda um viðkomandi landsvæði.] ¹⁾

Á ræktuðu landi, sbr. 20. tölul. 5. gr., má aðeins slá upp tjöldum með leyfi eiganda þess eða réttshafa.

Þegar tjaldað er skal ætíð virða ákvæði 31. gr. um bann við akstri utan vega og gæta þess að valda ekki skemmdum á vettvangi.

¹⁾ [L. 109/2015, 10. gr.](#)“

18. gr. náttúrverndarlaga er þannig:

„**18. gr. Umferð gangandi manna.**

Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða réttshafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. [Á eignarlandi í byggð er eiganda eða réttshafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.] ¹⁾

För um ræktað land, sbr. 20. tölul. 5. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða réttshafa. [Þrátt fyrir að skógræktarsvæði teljist ræktað land í skilningi laga þessara er för um svæðið og dvöl þar ekki háð samþykki eiganda þess eða réttshafa eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið.] ¹⁾

¹⁾ [L. 109/2015, 6. gr.](#)“

13. gr.

Ekki má ganga örna sinna eða kasta af sér þvagi á almannafæri eða á lóð, land eða híbýli annars manns. Hver sem það gerir skal hreinsa upp eftir sig.

Um 13. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða niðurlagi 2. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð.

14. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópögungur, útifundi, tónleika og aðrar útisamkomur til að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

Lögreglustjóri getur breytt gönguleið eða samkomustað telji hann það nauðsynlegt.

Um 14. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 10. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð og 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð.

15. gr.

Meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá lögreglustjóra.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys né halda skoteldasýningar nema með leyfi lögreglustjóra. Ekki má á almannafæri kveikja í bálköstum nema með leyfi sýslumanns.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 11. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð og 1. mgr. 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð.

16. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

Sveitarstjórn getur sett samþykktir um farandsölu og sölu á götum, torgum og öðrum stöðum.

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð og 9. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð og Borgarbyggð

17. gr.

Atvinnurekstri í húsnæði, sem liggur að íbúðarbyggð, skal haga þannig, að ekki hljótist ónæði eða truflun fyrir þá sem næstir búa. Gildir þetta jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst.

Sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum.

Um 17. gr.

Í 10. gr. lögreglusamþykktar Borgarbyggðar og Dalabyggðar er svohljóðandi ákvæði:

„Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Sveitarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi að tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum og önnur opinber leyfi liggja fyrir. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn og er bundið við nafn leyfishafa. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur sveitarstjórn afturkallað leyfið með þriggja mánaða fyrirvara.“

Í ljósi þess að almennt er nærþjónusta og minniháttar atvinnustarfsemi leyfileg í íbúðarbyggð, skv. gr. 6.2.a. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, er lagt til að þetta ákvæði falli brott. Sé vilji til að halda því inni í sameiginlegri lögreglusamþykkt er mælt með að bannið eigi sér tilvísun til skipulagsskilmála í sveitarfélaginu, þ.e.a.s. að í greinargerð aðalskipulags sé sérstaklega fjallað um hvaða atvinnustarfsemi er leyfileg á svæði sem skilgreint er sem fyrir íbúðarbyggð.

18. gr.

Um málefni hafna fer samkvæmt hafnarreglugerð viðkomandi sveitarfélags.

Um 18. gr.

Í 13. gr. lögreglusamþykktar fyrir Grundarfjörð (og í 14. gr. reglugerðar um lögreglusamþykktir) er svohljóðandi ákvæði:

„Lögreglustjóri getur bannað öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfn.“

Lagt er til að það falli brott en í staðinn verði vísað til hafnarreglugerðar sem hvert sveitarfélag setur fyrir sig.

19. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi sveitarstjórnar. Skal sveitarstjórn við veitingu leyfis setja skilyrði sem nauðsynleg eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og tilkynna leyfisveitingu til lögreglustjóra. Að verki loknu skal leyfishafi færa það í samt lag sem raskað var.

Þegar gerður er skurður í gangstétt skal sá sem verkið vinnur sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, t.d. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h. þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi verði. Sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda skal hjáleidd tryggð og afgirt frá umferð ökutækja innan þéttbýlismarka og annars staðar þar sem umferð er mikil.

Sveitarstjórn getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Haft skal samráð við lögreglustjóra og Vegagerðina þegar það á við. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að skurðir í götum séu bygðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur sveitarstjórn, ef talið er að framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var á kostnað þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmd.

Setja skal upp skilti og merkingar til leiðbeiningar fyrir ökumenn vegna framkvæmda sem truflað geta umferð. Sé fyrirsjáanlegt að framkvæmdir muni taka lengri tíma en 7 daga skal setja upp ítarlegri skilti þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdina, á hvers vegum hún er og hvað hún muni standa lengi.

Þá getur sveitarstjórn beint þeim fyrirmælum til ökumanna og eigenda ökutækja að þeir leggi ekki ökutækjum á tilteknum svæðum svo unnt sé að framkvæma hvers konar nauðsynlegar viðgerðir eða hreinsanir á götum. Tilmælin skulu koma fram á upplýsingaskiltum eða með öðrum tryggum

hætti. Sé slíkum tilmælum ekki sinnt getur sveitarstjórn látið flytja ökutæki á brott án frekari viðvörðunar svo viðgerð eða hreinsun geti farið fram. Tilkynna skal eiganda ökutækis og lögreglu um brottflutninginn og hvar megi vitja ökutækisins sé það ekki flutt aftur á sama stað eftir að viðgerð eða hreinsun lýkur.

Um 19. gr.

Ákvæðin eru tekin efnislega upp úr reglugerð um lögreglusamþykktir og lögreglusamþykkt fyrir Grundarfjörð.
20. gr.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að hlíta fyrir mælum sveitarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum, þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um skerðingu gróðurs. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrir mælum sveitarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það flutt brott, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði. Sama gildir um hús sem stendur yfirgefið.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda og/eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrir mælum sem sveitarstjórn gefur til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur og skal hann setja upp skilti til leiðbeiningar eftir því sem við á. Við flutning húsa skal eigandi og/eða verktaki kalla til lögreglu eftir því sem umferðarlög kveða á um.

Húsráðendur skulu sjá til þess að allt lauslegt á lóð sé tryggilega fest ef von er á hvassviðri.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Um öryggi á vinnusvæðum við almannafæri gilda ákvæði skipulagslaga og laga um mannvirki auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglum settum á grundvelli þeirra.

Um 20. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.
21. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á lóðum hans eða landi. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum ef húsráðandi leggur við því bann.

Um 21. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.
22. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri nema í þar til gerð ílát eða á viðurkenndum móttökustöðvum sveitarfélaganna. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð eða land annars manns. Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust í burt á sinn kostnað. Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti og garðúrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og ákveðnir eru af sveitarstjórn. Óheimilt er að fleygja þar öðrum úrgangi. Hver sem það gerir skal flytja úrganginn tafarlaust burt á sinn kostnað.

Um 22. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.
3. KAFLI.

Um ökutæki, umferð o.fl.

23. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Í þéttbýli má ekki leggja vörubifreiðum sem eru 7,5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Bannað er að leggja vinnuvélum, stórum vörubílum eða flutningabílum, eftirvögnum og tengivögnum í íbúðargötur í þéttbýli.

Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir einnig um smærri sem stærri hluti svo sem gáma, kerrur, bíla, bílhuta, báta, skipsskrokka og annað þess háttar.

Heimilt er heilbrigðiseftirliti, að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eigenda til úrbóta, að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bílflök. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

Þegar lausafjármunir, s.s. hjólhýsi gámar, bátar, torgsöluhús, frístundahús sem ætluð eru til flutnings og stór samkomutjöld sem getið er um í byggingarreglugerð, eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Um 23. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

24. gr.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

Heimilt er að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða og aðvörunarorðum, að flytja í burtu og taka í vörslu sveitarfélags skráningarskyld vélknúin ökutæki sem standa án skrásetningar-númera á götum og almennum bílastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Sama á við um bílaparta og varahluti.

Um 24. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

25. gr.

Vélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í notkun er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur er nauðsynlegt er, svo komast megi hjá mengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

Óheimilt er að aka ökutækjum þannig að þau gefi frá sér hávaða sem ástæða er til að ætla að valdi ónæði eða truflun eða hafa hljómflytningstæki ökutækja það hátt stillt að ástæða er til að ætla að valdi ónæði eða truflun. Lögregla getur bannað notkun slíkra ökutækja.

Óheimilt er að keyra vinnuvélar eftir götunum einungis til að flytja mann milli staða.

Óheimilt er að hringspóla eða láta dekk ökutækja spóla á þurrum fleti, s.s. malbiki eða steypu plani, að ástæðulausu.

Um 25. gr.

1. mgr. breytt til samræmis við almenna reglugerð um lögreglusamþykktir. Að öðru leyti eru ákvæðin efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

26. gr.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa.

Allur akstur torfærutækja, s.s. vélsleða og torfæruhjóla, er bannaður innan þéttbýlis. Sveitarstjórn getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

Um 26. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

27. gr.

Á og við götur eða vegi eða þar sem hættu stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hættu eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

Um 27. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

28. gr.

Þeir sem flytja farm skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Nota skal yfirbreiðslur þegar farmur er það fíngerður að hættu er á að hann fjúki. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað, að öðrum kosti er sveitarfélaginu heimilt að gera það á kostnað flytjanda eða þess sem ábyrgð ber á flutningi.

Um 28. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

4. KAFLI

Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.

29. gr.

Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur sveitarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.

Ákveði sveitarstjórn ekki annað eru áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06:00 til kl. 23:00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06:00 til kl. 01:00 virka daga og til kl. 03:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Aðfaranótt nýársdags eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum þó heimilar til kl. 04:00. Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiluðum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundir eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Um 29. gr.

Sett eru almenn ákvæði um opnunartíma. Sveitarstjórnnum er heimilt að setja sérákvæði ef þörf krefur.

30. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

Á skemmtistöðum og veitingastöðum eru nektarsýningar óheimilar.

Um 30. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

31. gr.

Enginn má reka spilakassa, leiktæki eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra og að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.

Óheimilt er að selja börnum og unglingum yngri en 14 ára aðgang að leiktækjum. Miða skal við fæðingarár.

Börnum yngri en 16 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjáraðila.

Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu hafa náð fullum 18 ára aldri.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða þeim skilyrðum sem starfseminni eru sett, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Um 31. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

5. KAFLI

Um götuspjöld, merkingar og húsnúmer.

32. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á stjórnarsýslueiningar, byggingar, hverfi og götur og lætur festa upp skilti með þeim upplýsingum, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

Um 32. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

Fellð eru út ákvæði um merkingar lögbýla. Merking þeirra er á verksviði Vegagerðarinnar.

6. KAFLI

Um útivistartíma barna og unglinga.

33. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Um 33. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

7. KAFLI

Um dýrahald.

34. gr.

Um dýrahald fer eftir sérstökum samþykktum hvers sveitarfélags. Þrátt fyrir ákvæði staðbundinna samþykta sveitarfélaga er lögreglu ávallt heimil handsömun og aflífun hunda er staðnir hafa verið að því að ráðast á búfenað eða fólk og lögregla telur hættulega almannaöryggi.

Um bann við lausagöngu búfjár og undanþágur frá því fer skv. vegalögum, lögum um búfjárhald og samþykktum um búfjárhald í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Óheimilt er að halda nýjar dýrategundir, eða erlenda stofna tegunda sem hér eru fyrir, nema leyfi hafi verið veitt til innflutnings á viðkomandi dýrategund eða stofni tegundar skv. lögum um innflutning dýra.

Um 34. gr.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin setji samþykktir um hunda- og kattahald, ef þörf krefur. Sama á við um lausagöngu búfjár.

8. KAFLI

Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.

35. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.

Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð sakamála.

Um 35. gr.

Í 2. mgr. er sleppt að vísa til númers laga um meðferð sakamála, sem núna eru lög nr. 88/2008 en látið nægja að vísa til heitis laganna. Þetta er eins í reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007.

36. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt lögreglusamþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni.

Um 36. gr.

Ákvæðin eru efnislega eins í gildandi lögreglusamþykktum á Vesturlandi.

37. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem samþykkt var í sveitarstjórnnum eftirtalinna sveitarfélaga: Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, tekur gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt Grundarfjarðarbæjar nr. 430/2014, lögreglusamþykkt Borgarbyggðar nr. 526/2004 og lögreglusamþykkt Dalabyggðar nr. 579/2009.

Samþykktin er sett með vísan í 1. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringar.